



Starfsemi á árinu 2025

Heildareignir **1.566 milljarðar**
Fjöldi sjóðfélaga **192.290**
Sjóðfélagar á lífeyri **28.970**
Lífeyrisgreiðslur **45,4 milljarðar**
Nafnávöxtun sameignardeildar **7,0%**
Raunávöxtun sameignardeildar **3,2%**
10 ára árleg raunávöxtun sameignardeildar **4,0%**




LV móttækur iðgjöld, ávaxtar þau og greiðir út lífeyri. Sjóðurinn ávaxtar fimm eignasöfn, eitt í sameignardeild og fjögur í séreign.


Iðgjöld og lífeyrir

Greiðslur til sjóðsins hækkuðu um 2,1% og lífeyrisgreiðslur jukust um 12,5%.

Iðgjöld til sameignar- og séreignardeilda í milljörðum króna



Lífeyrir úr sameignar- og séreignardeildum í milljörðum króna




Kennitölur	2025	2024
Nafnávöxtun sameignardeildar	7,0%	12,4%
Raunávöxtun sameignardeildar	3,2%	7,3%
Nafnávöxtun Verðbréfastofnunar	6,9%	12,4%
Nafnávöxtun Ævileiðar I	8,1%	13,0%
Nafnávöxtun Ævileiðar II	8,0%	10,7%
Nafnávöxtun Ævileiðar III	8,3%	8,2%
Tryggingafræðileg staða	-5,4%	-4,3%
Rekstrarkostnaður sem % af eignum	0,13%	0,14%
Lífeyrir sem % af iðgjöldum	92,2%	83,6%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	49.700	49.075
Fjöldi á lífeyri í árslok	28.970	26.884
Stöðugildi	65,2	60,6


Eignir

Sameignardeild er stærsta eignasafn LV. Eignir deildarinnar standa undir greiðslum vegna ævilangs lífeyris og áfallalífeyris. Heildareignir sameignardeildar og séreignardeilda námu 1.566 milljörðum króna í árslok 2025, samanborið við 1.458 milljarða árið áður.

Heildareignir samtals í milljörðum króna



Eignasafn sameignardeildar í árslok



Ávöxtun sameignardeildar og tryggingafræðileg staða


Fjárfestingarumhverfið var fremur hagstætt árið 2025 og það endurspeglast í góðri ávöxtun allra eignasafna.

Innanlands skiluðu bæði skuldabréf og hlutabréf góðri ávöxtun. Safn sjóðsins í innlendum hlutabréfum skilaði umtalsvert betri ávöxtun en viðmiðunarvísitalan sem sýnir meðalávöxtun skráðra hlutabréfa á markaði.


Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum var einnig ágæt mæld í íslenskum krónum, þó að töluverðar sveiflur hafi verið á mörkuðum á árinu. Erlend hlutabréf og skuldabréf skiluðu góðri ávöxtun í sínum gjaldmiðlum, en lækkun USD gagnvart ISK hafði þau áhrif að ávöxtunin var lægri í íslenskum krónum.

Tryggingafræðileg staða var -5,4% í lok árs 2025 en var -4,3% árið áður. Ávöxtun hafði jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu á meðan verðbólga hafði neikvæð áhrif þar sem áunnin réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð. Einnig höfðu uppfærðar örorku- og endurhæfingarlíkur lítillaga áhrif til lækkunar.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Árleg raunávöxtun sameignardeildar



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

live.is

- Stjórn**
- Jón Ólafur Halldórsson, formaður
 - Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður
 - Bjarni Þór Sigurðsson
 - Guðmunda Ólafsdóttir
 - Guðrún Ragna Garðarsdóttir
 - Helga Ingólfssdóttir
 - Páll Ásgrímsson
 - Sigrún Helgadóttir
- Framkvæmdastjóri**
- Guðmundur Þ. Þórhallsson